

## **Fundir 2008 - 2009 - 2010**

### **1. Stjórnarfundur Andvara.**

2. desember 2008

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar, öll stjórnin mætti ásamt varastjórn.

Formaður setti fundinn og kom með tillögum um Guðjón Gunnarsson sem varaformann, Geirþrúði Geirsdóttur sem gjaldkera og Gunnar Mát Þórðarson sem ritara og var það samþykkt.

Formaður kynnti starfsemi og hlutverk Andvara.

Formaður kynnti uppskeruhátíð æskulýðsnefndar sem haldin verður 7. des n.k. og að hann hefði fengið þær Sigrúnu Sigurðardóttur og Margréti Tómasdóttur til að finna út hverjir ættu að fá viðurkenningar fyrir árangur og ástundun.

Engar breytingar voru gerðar á nefndum á vegum LH.

Málefni reiðhallarinnar og Kjóavalla ehf voru rædd, formaður lýsti hugmynd um breytt eignarhald á höllinni, stækkun hallarinnar og opnum tímum án endurgjalds fyrir skuldlausu félag. Guðjón Árnason kynnti frumdrög að stækkun og var samþykkt að halda áfram vinnu við þessar hugmyndir.

Samþykkt var að húa saman fólki til að mála félagsheimilið og taka til á skrifstofu, ekki var komin dagsetning á það.

Formaður ætlar að kalla saman nefndir félagsins sem fyrst og svo hægt sé að gefa út dagskrá vetrarins sem fyrst, helst fyrir áramót.

Innbrotahrina á Kjóavöllum var rædd án niðurstöðu.

Fundartímar í vetur voru ákveðnir, annan hvern mánudag í mánuði kl. 19:00, næsti fundur verður 15. desember .

Önnur mál voru engin og fundi slitið.

### **2. Stjórnarfundur Andvara.**

Annar fundur stjórnar Andvara haldinn í félagsheimili Andvara 15. desember 2008.

kl. 19. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Guðjón Árnason, Geirþrúður Geirsdóttir, Gunnar Mát Þórðarson, Ingibjörg Geirsdóttir, Sigfús A. Gunnarsson.

Dagskrá fundarins:

Dagskrá vetrarins.

Félagsheimilið, viðhald og viðbætur.

Merkingar í æfingagerði og á reiðleiðum.

Reiðkennsla í vetur á vegum Andvara.

Önnur mál.

Dagskrá vetrarins er í vinnslu og verður vonandi tilbúin fyrir næsta fund. Ákveðið var að hafa kaffisþjall og fyrirlestra á laugardagsmorgnum einu sinni í mánuði, tími og dagsetning verður auglýst á heimasíðu félagsins.

Félagsheimilið, viðhald og viðbætur. Vegna viðgerðar á frárennislögnum frá félagsheimili þurfti að brjóta upp stökk fyrir lagnir. Guðjón Árnason tók að sér að laga þær skemmdir.

Ákveðið var að útvega málningu og húa saman fólki til að mála félagsheimilið.

Merkingar á reiðleiðum og í tamningagerði. Búið er að útvega merki í tamningagerði. Sigfús tók að sér að koma þeim upp, einnig er búið að útvega merki á reiðleiðir.

Reiðkennsla á vegum Andvara, verið er að vinna í þeim málum með Ragnheiði

Samúelsdóttur.

Önnur mál. Geymsla á heyrúllum og böggum utandyra við hesthús er talsvert vandamál sérstaklega þar sem illa er gengið frá lausum endum á plasti.

Guðjón Árnason kynnti frekari hugmyndir að stækkun reiðhallarinnar. Næsta skref er að gera

kostnaðaráætlun.

Lýsing á hesthúsum utandyra, gera þarf átak í því að fá fólk til að huga betur að þeim málum. Næsti fundur verður 5. janúar 2009, á kaffistofunni í hesthúsinu hjá Ingibjörgu.

### 3. Stjórnarfundur Andvara.

Þriðji fundur stjórnar Andvara haldinn 5. janúar 2009 kl. 19. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Guðjón Árnason, Geirþrúður Geirsdóttir, Gunnar Már Þórðarson, Ingibjörg Geirsdóttir, Sigfús A. Gunnarsson.

Dagskrá vetrarins. Verið er að leggja lokahönd á dagskrá vetrarins.

Innheimta félagsgjalda. Senda á eigendum hesthúsa á Kjóavalla- og Heimsendasvæði bréf til að fá þá til að ganga í félagið sem ekki eru félagar fyrir. Allir nota aðstöðuna sem félagið er að byggja upp t.d. reiðleiðir, velli og annað. Geirþrúður Geirsdóttir og Guðjón Gunnarsson vinna að innheimtu félagsgjalda.

Umhverfismál. Athuga hvað hægt er að gera varðandi geymslu á heyrúllum og böggum utandyra og vandamálum sem því fylgja.

Götulýsing og lýsing á Kjóavallahring. Hafa samband við Garðabæ og Kópavogsbæ um bætta lýsingu og fá ljós á nýja ljósastaura sem komnir eru upp við nýjar götur á Heimsendasvæði. Vinna að því að fá fólk til að nota endurskinsmerki.

Ástand æfingagerðis og hringgerða. Guðjón Árnason og Gunnar Már sjá um að koma þeim í viðunandi horf.

WC í reiðhöll. Pétur Maack athugar með klósett hjá Gámaþjónustunni sem staðsett yrði í horninu við áhorfendabekki.

Félagsheimilið. Fá fólk til að koma og mála félagsheimilið, setja upp skilti við reiðleiðir og í æfingagerði og vinna við endurbætur á æfingagerði þann 24. janúar.

Önnur mál. Kostnaðaráætlun fyrir viðbyggingu við reiðhöllina liggur fyrir, fá fund með stjórn Kjóavalla ehf. til að ræða næstu skref í viðbyggingarmálum og um nýtingu reiðhallarinnar í vetur

Næsti fundur 19. janúar kl. 19:00

### 4. Stjórnarfundur Andvara.

Fjórði fundur stjórnar Andvara haldinn 19. janúar 2009 í félagsheimili Andvara kl. 19. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Guðjón Árnason, Geirþrúður Geirsdóttir, Gunnar Már Þórðarson, Ingibjörg Geirsdóttir, Sigfús A. Gunnarsson. Auk þeirra mættu á fundinn Hannes Hjartarson vegna reiðhallarmála og Halldór Halldórsson vegna skipulagsmála.

*Reiðhöllin næstu skref í stækkunarmálum og aðgangur félagsmanna að höllinni.* Pétur lýsti þeirri vinnu sem farið hefur fram vegna undirbúnings stækkunar á reiðhöllinni, kynnti teikningar og kostnaðaráætlun upp á ca. 80-100 milljónir með vsk. Ákveðið var að setja saman nefnd á næsta stjórnarfundum sem tekur við stækkunarmálum. Aðgengi félagsmanna að höllinni var rætt og komist að þeirri niðurstöðu að hafa höllina opna og frítt fyrir skuldlausu félagsmenn frá kl. 12-16 mánudaga og miðvikudaga ef tekst að leysa starfsmannamál hallarinnar við Garðabæ.

*Skipulagsmál.* Halldór kynnti skipulagsmál vegna reiðvega á svæðinu, ekkert nýtt er að gerast í þeim málum.

*Íþróttamaður Garðabæjar 2008.* Pétur sagði frá því að við afhendingu verðlauna hefði allt íþróttafólk sem hefði unnið til verðlauna á Íslandsmótum fengið viðurkenningu nema í

hestaíþróttum, sem var vegna mistaka. Ekki liggur ljóst fyrir hjá hverjum þau mistök lágu. Pétur hefur gert þeim sem áttu rétt á viðurkenningunum grein fyrir þeim málum.

*Heimasíða.* Pétur kynnti tilboð í nýja heimasíðu fyrir félagið. Stofngjald er kr. 50.000 + 2.900 á mánuði. Byrjað er á að vinna að gerð nýrrar heimasíðu.

*Úrvalshópur ungmenna 16-21 árs í hestamennsku (LH)*Listi frá LH um val í þennan hóp verður kynntur á heimasíðu Andvara.

*Félagsheimilið, málningar- og tiltektarvinna.* Málningar- og tiltektardagur verður væntanlega 8. feb. eða hugsanlega 25. jan.

*Önnur mál.*

*Fundur vegna samræmingar móta á Reykjavíkursvæðinu, þriðjudaginn 20. jan.* Pétur var búinn að tala við Þorvald fyrrverandi formann um að mæta á fundinn. Ákveðið var að senda einn úr mótanefnd og einn úr núverandi stjórn. Gunnar Már fer fyrir stjórnina ekki er ákveðið hver fer fyrir mótanefnd.

*Hvernig er hægt að efla félagið og fjölga félagsmönnum?* Pétur er búinn að kanna húseigendur, hvar þeir séu félagsmenn. Spurning um að senda þessum aðilum bréf eða hvort ganga ætti í hús og kanna með áhuga á að ganga í félagið.

*Geymsla á heyi utanhúss og lausaganga hunda.* Vinna að úrbótum í þeim málum rædd.

Næsti fundur ákveðinn 2. febrúar 2009 kl. 19

## **5. Stjórnarfundur Andvara.**

Fimmti fundur stjórnar Andvara haldinn 2. febrúar 2009 í félagsheimili Andvara kl. 19. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Guðjón Árnason, Geirprúður Geirsdóttir, Gunnar Már Þórðarson, Ingibjörg Geirsdóttir og Sigfús A. Gunnarsson.

*Ný heimasíða.* Pétur kom með sýnishorn af nýrri heimasíðu, ákveðið var að halda áfram með þá vinnu.

*Innheimta félagsgjalda.* Geirprúður kom með fjárhagsáætlun fyrir starfsárið.

Fjárhagsáætlun fylgir fundargerð. Geirprúður og Guðjón Gunnars. ætla að koma af stað innheimtu félagsgjalda.

Pétur ætlar að setja saman bréf sem sent verður eigendum hesthúsa á svæðinu sem ekki eru í félaginu og hvetja þá til að ganga í félagið.

*Reiðnámskeið í vetur.* Reiðnámskeið fyrir fullorðna er komið í gang hjá Erling Sigurðssyni.

Næsti fundur verður 16. febrúar kl. 20

## **6. Stjórnarfundur Andvara.**

Sjötti fundur stjórnar Andvara haldinn 16. febrúar 2009 í félagsheimili Andvara kl. 20. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Guðjón Árnason, Geirprúður Geirsdóttir, Gunnar Már Þórðarson, Ingibjörg Geirsdóttir og Sigfús A. Gunnarsson.

Formaður setti fundinn og minntist á fráfall fyrrverandi formanns Andvara Sigurðar Hanssonar. Stjórnin fól formanni að minnast hans á heimasíðu félagsins.

85. Ársþing UMSK haldið í Hlégarði 19. febrúar. Andvari á rétt á að senda fjóra fulltrúa. Geirprúður og Sigfús ætla að athuga með að mæta á þingið.

Fundur með bæjarstjóra Garðabæjar 11. febrúar. Á fundinn fóru Pétur Maack, Guðjón Gunnarsson og Gunnar Már. Pétur fór yfir þau mál sem rædd voru þar:

*Reiðstígur í Grunnuvötn.*

Fálega tekið í það.

*Umsjón með reiðhöllinni nokkra tíma í viku.*

Verður skoðað strax.

*Stækkun reiðhallarinnar.*

kostnaðaráætlun og óskað eftir framlengingu samnings um bygginguna.

Lagaðar fram tillögur og

*Lýsing á Kjóavallahringnum.*

Verður lagað strax.

*Lagfæring æfinga- og hringgerða,*

Verður skoðað hjá

*ofaníbúrdur í þau.*

Áhaldahúsinu.

*Umferð annarra en hesta á reiðstígum og merkingar  
reiðstíga.*

Verður skoðað að koma upp  
merkingum.

*Snjóruðningur á reiðstígu.m*

Ath. í samráði við Kópavogsbæ.

*Hraðakstur og myrkur á “Ellidavatnsvegi”.*

Verður skoðað strax hvort hægt verði að lækka hámarkshraða, hraðahindranir og viðvörunarhraða mælingu. Og e.t.v. fleira

*Óskað var eftir að Garðabær úthluti lóðum í efstu röð*

*til Andvarafélaga og e.t.v. annarra sem fyrst.*

Verður skoðað fljótlega.

*Óskað eftir að heitt vatn verði lagt að reiðhöllinni*

*sem fyrst .*

Verður skoðað.

*Uppsetning loftnets fyrir GSM endurvarp á reiðhöllina.* Félagið er búið að heimila uppsetningu loftnetsins, næstu skref eru hjá Símanum í því máli.

*Bikarmót hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Keflavík.* Næsta mót er hjá Mána í Keflavík. Andvari er með flest stig, það á að reyna að fá sem flesta til að mæta og hvetja sitt lið.

*Innheimta félagsgjalda.* Búið er að senda út gíróseðla.

*Reiðvegur færður á Kjóavallahringnum.* Búið er að færa reiðveginn þar sem slysið varð um daginn.

*Önnur mál.*

*Fræðslufundur og kaffi sl. laugardag.* Ágætis mæting var á fræðslufundinn og líflegar umræður.

*Félagsreiðtúrinn sl. sunnudag.* Félagsreiðtúrinn heppnaðist ágætlega en var mjög fámennur.

Næsti fundur er 2. mars kl. 20

## **7. Stjórnarfundur Andvara.**

Sjöundi fundur stjórnar Andvara haldinn 2. mars 2009 í félagsheimili Andvara kl. 20. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Guðjón Árnason, Geirþrúður Geirsdóttir, Gunnar Már Þórðarson.

*Tilboð í gerð viðhafnarfána fyrir Andvara.* Málinu var frestað

*Viðræður við stafrsmenn Áhaldahúss Gardabæjar um lagfæringar á Kjóavöllum.* Lýsing Kjóavallahrings, lagfæringar við æfingagerði og hringgerði, stækkun kerrustæðis, laga ramp að skeiðvelli, dren neðst í hesthúsahverfinu. Farið var yfir þessi mál með starfsmönnum áhaldahúss. Lýsing Kjóavallahringsins sett í forgang, hitt er í skoðun.

*Opnum reiðhallar fyrir félagsmenn, umsjón.* Búið er að auglýsa á heimasíðu Andvara opna tíma reiðhallarinnar sem verða á mánudögum 12-16 og föstudögum 11-15. Oddný Erlendsdóttir ætlar að hjálpa til með föstudagana og stjórnin skiptist á að opna á mánudögum.

*Uppsetning loftnets fyrir GSM sendi.* Samningur liggur fyrir sem er til eins árs upp á 150.000-kr. Samþykkt að það renni til Andvara þó loftnetið sé sett á reiðhöllina, formanni falið að ganga frá því máli við formann Kjóavalla ehf.

*Bréf formanns til húseigenda sem ekki eru í Andvara, sent 26.febrúar.* Formaður lagði fram eintak af bréfi.

*Innheimta félagsgjalda.* Gjaldkeri frestar að senda út gíróseðla, ætlar að sjá hverjir greiða rafrænt.

*Grunnuvatnaleið, kostnaðaráætlun.* Formaður lagði fram bréf reiðveganeftndar og kostnaðaráætlun. Í því kemur m.a. fram að þá þurfi að skila inn umsókn um reiðvegafé til LH. Varðandi Grunnuvatnaleiðina þá þurfi deiliskipulag að liggja fyrir eða staðfesting bæjarstjórnar á því að reiðvegur sé ætlaður á skipulagi. Í bréfinu koma einnig fram hugleiðingar Halldórs um reiðveginn og kostnaðaráætlunina. Bréf þetta er fylgiskjal fundargerðar þessarar svo og kostnaðaráætlunin.

*Æskan og hesturinn, 14. – 15. mars. Æfingar og undirbúningur fyrir æskuna og hestinn ganga vel.*

*Önnur mál.*

*WC í reiðhöllina. Gunnar Már og Guðjón Árnason taka að sér að útbúa aðstöðu svo hægt sé að koma fyrir klósetti frá Gámaþjónustunni, einnig að kanna möguleika á stiga upp í þulastúku því mikil slyshætta er af því eins og það er nú.*

Næsti fundur er 16. mars kl. 20

## **8. Stjórnarfundur Andvara.**

Áttundi fundur stjórnar Andvara haldinn 23. mars 2009 í félagsheimili Andvara kl. 20. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Guðjón Árnason, Geirprúður Geirsdóttir, Gunnar Már Þórðarson, Ingibjörg Geirsdóttir og Sigfús A. Gunnarsson.

*Fundur með bæjarstjóra 11. mars sl. Ekki reyndist hægt að fá starfsmann til að sjá um reiðhöllina hjá Garðabæ að sinni. Senda erindi til bæjarstjóra vegna ofaniburðar á línuvegi í Grunnuvötn. Búið er að tala við aðila sem eiga veginn og fá leyfi til að fara í framkvæmdina. Bréf sem staðfestir mál þetta fylgir með fundargerðinni einnig afrit af bréfi sem sent var til bæjarstjóra vegna málsins. Senda erindi í ágúst til bæjarstjóra varðandi fjárhagáætlun 2010 um fjármögnun á stækkun reiðhallar. Einnig senda erindi varðandi rekstraraðkomu bæjarins á mannvirkjum Andvara. Eysteinn verði í sambandi við stjórn vegna framkvæmdaplans á svæðinu. Það er búið að samþykka að fara í það sem beðið var um og fresta lýsingu fram á sumar. Senda þarf formlega ósk til bæjarstjóra um að farið verði í lóðaúthlutun á svæðinu.*

*Erindi bæjarverkfræðings um staðsetningu spennistöðvar á svæðinu. Umræðutillaga sem sýndi nokkra möguleika var lögð fyrir. Ein staðsetningin var talin ómöguleg þar sem hún myndi verða fyrir hugsanlegri stækkun reiðhallar.*

*Opnun nýrrar heimasíðu. Pétur og Guðjón Gunnars. hafa verið að vinna við að færa upplýsingar af gömlu heimasíðunni yfir á þá nýju. Opna á heimsíðuna með veglegum hætti næstkomandi fimmtudag 26. mars kl. 19:30.*

*Önnur mál. Guðjón Gunnars. lagði til að ef einhver hagnaður yrði af karlatöltinu yrði hann notaður í tæki og þrautir fyrir börn og unglunga til að nota í reiðhöllinni og var það samþykkt.*

Næsti fundur ákveðinn 6. apríl kl. 20.

## **9. Stjórnarfundur Andvara**

Stjórnarfundur Andvara.

Níundi fundur stjórnar Andvara haldinn 7. apríl 2009 í félagsheimili Andvara kl. 19:30. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Geirþrúður Geirsdóttir, Gunnar Már Þórðarson, Ingibjörg Geirsdóttir og Sigfús A. Gunnarsson.

*Eftirfylgni bréfs til bæjarstjóra um leyfi til að bera ofan í línuveg um Grunnuvötn.* Pétur hefur sent bæjarstjóra Garðabæjar bréf til að ítreka að veitt verði leyfi til að bera ofan í línuveg um Grunnuvötn sem bæjarstjóri hefur tekið jákvætt í að verði gert en ekki heftur fengist afgreitt frá bæjaryfirvöldum. Pétri hefur ekki tekist að ná tali af bæjarstjóra síðan bréfið var sent, áfram verður unnið að því.

*Ping UMSK 17.-18. apríl nk.* Andvari á rétt á að senda 1 fulltrúa á þingið. Stjórnin sá ekki ástæðu til að senda fulltrúa á þingið.

*LH í viðræðum við Nordjobb um samstarf.* Formaður ræddi þetta við formann æskulýðsnefndar sem taldi þetta mjög áhugavert.

*Umhverfisdagur miðvikudaginn 22. apríl nk.* Stjórn ákvað að bera út bréf í öll hestús á svæðinu sem minnir á hreinsunardaginn og hvetur alla til að taka þátt í að hreinsa og fegra svæðið. Æskan ætlar að hjálpa til og verður einhver skemmtun fyrir þau í höllinni um kvöldið.

*Firmakeppni 23. apríl nk. söfnun styrkja og fyrirkomulag.* Firmanefndin er ekki starfandi og tók stjórnin að sér að útvega styrki. Pétur kom með hugmynd að breyttu fyrirkomulagi á viðurkenningum fyrir styrktaraðila þar sem viðurkenningaskjöl síðustu ára hafa dagað uppi hjá firmanefnd. Hugmyndin var að bjóða styrktaraðilum upp á fría auglýsingu á heimasíðu Andvara í einn mánuð.

## **10. Stjórnarfundur Andvara**

## Stjórnarfundur Andvara.

Tíundi fundur stjórnar Andvara haldinn þriðjudaginn 20. apríl 2009 í félagsheimili Andvara kl. 19:30. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Geirþrúður Geirsdóttir, Gunnar Már Þórðarson, Ingibjörg Geirsdóttir, frá mótanefnd Hulda Jóhannsdóttir og Már Jóhannsson.

*Eftirfylgni bréfs til bæjarstjóra um leyfi til að bera ofan í línuveg um Grunnuvötn.* Formaður semur bréf og sendir til bæjarstjóra.

*Umhverfisdagur miðvikudaginn 22. apríl.* Búið er að bera út dreifibréf. Ingibjörg sér um að útvega pizzur sem verða í boði í félagsheimilinu eftir hreinsun og leikir verða í höllinni fyrir krakka á eftir.

*Firmakeppni 23. apríl.* Söfnun styrkja eru lokið, fyrirkomulag er ákveðið eins eru bikarar tilbúnir í félagsheimilinu. Mótanefndin sér um mótið, ekki verður verið með veitingasölu.

*Æskulýðsdagurinn og vorhátíð á dagskrá 1. og 2. maí, fyrirkomulag.* Æskulýðsdagurinn verður haldinn 1. maí með gæðingakeppni og grillveislu eftir eins og vanalega.

*Boð frá stjórn Gusts um að taka þátt í kórareid og grillveislu Gusts 9. maí.* Samþykkt að þiggja boðið.

*Bjóða bæjarfulltrúum Garðabæjar í grillveislu og reiðtúr í Gjármót 30. maí.* Samþykkt.

## 11. Stjórnarfundur Andvara

## Stjórnarfundur Andvara.

Ellefti fundur stjórnar Andvara haldinn mánudaginn 4. maí 2009 í félagsheimili Andvara kl. 19:00. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Árnason, Geirprúður Geirsdóttir og Gunnar Már Þórðarson.

*Slagarakvöld 30. apríl, fjáröflun.* Slagarakvöldið heppnaðist vel og var nokkuð vel sótt, einhver hagnaður var af því.

*Rásbásar lokagreiðsla.* Formaður ætlar að ganga frá því máli.

*Rásbásar lánaðir til Gusts 18.-19. maí.* Samþykkt að leigja þá fyrir 25.000 kr.

*Skuld Andvara við Kjóavelli ehf árið 2008.* Samþykkt að fara fram á niðurfellingu skuldar vegna bágrar fjárhagsstöðu félagsins. Formaður sendir bréf til stjórnar Kjóavalla um það.

*Firmakeppni 23. apríl sl. söfnun styrkja.* Firmamótið gekk vel, styrkir söfnuðust fyrir um það bil 500.000 kr. frá um 50 fyrirtækjum.

*Boð frá stjórn Gusts um að taka þátt í kórareid og grillveislu Gusts 9. maí.* Stjórn boðið ásamt mökum, hvetja sem flesta stjórnarmenn og maka til að taka þátt í kórareid og grillveislu.

*Umsjón með Gjármótagrillinu.* Uppástunga um að tala við Halldór Halldórsson, Jón Ó. Guðmundsson, Ingibjörgu Geirsdóttur, Sigfús Gunnarsson og Þorstein Pálsson og fá þau til að sjá um það.

*Bjóða bæjarfulltrúum Garðabæjar í grillveislu og reiðtúr í Gjármót 30. maí. Útvega þarf um 10 þæga hesta fyrir það.*

#### 12 stjórnarfundur

12. fundur stjórnar Andvara haldinn mánudaginn 18. maí 2009 í félagsheimili Andvara kl. 19:00. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Guðjón Árnason, Ingibjörg Geirsdóttir og Gunnar Már Þórðarson.

*Fundur með bæjarstjóra 13. maí sl. Verið er að vinna að lóðaúthlutun.*

*Leit að farandbikurum.* Koma þarf farandbikaramálum í fastan farveg, þannig að ekki þurfi að leita þá uppi á hverju ári.

*Slagarakvöld 30. apríl sl., uppgjör.* Ekki er hægt að ljúka við uppgjör að svo stöddu en hagnaður er ca. 80.000- kr.

*Skuld Andvara við Kjóavelli.* Meðfylgjandi er bréf sem sent var til stjórnarformanns Kjóavalla ehf. 6 maí sl. vegna skuldar Andvara vegna notkunar reiðhallarinnar við Kjóavelli vegna ársins 2008.

*Innheimta félagsgjalda og birting félagaskrár á vefsíðunni.* Málið er í vinnslu.

*Formleg beiðni til að bera ofan í línuveg í Grunnvötnum og framkvæmdir.* Sjá meðfylgjandi bréf og myndir frá Halldóri Halldórssyni í reiðveganefnd.

*Reiðskóli Garðabæjar og Andvara í sumar.* Stefnt er að því að aðstoða við rekstur reiðskólans.

*Önnur mál.*

*Sameining.* Umræða var um sameiningu við Gust án niðurstöðu.

#### **13. Stjórnarfundur Andvara.**

13. fundur stjórnar Andvara haldinn sunnudaginn 7. júní 2009 í félagsheimili Andvara kl. 19:00. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Árnason, Guðjón Gunnarsson, Ingibjörg Geirsdóttir, Sigfús Gunnarsson, Geirprúður Geirsdóttir og Gunnar Már Þórðarson.

*Innheimta félagsgjalda og birting félagaskrár á vefsíðunni.* Hugmynd formanns að birta félagaskrá á vefsíðu félagsins. Pétur og Geirprúður semja bréf til félaga sem ekki hafa greitt og gera þeim grein fyrir því að þau verði skráð úr félaginu verði ekki greitt innan tiltekins tíma.

*Gjármótreið og þátttaka bæjarfulltrúa Garðabæjar.* Þrír fulltrúar mættu í reiðtúrinn sem tókst vel.

*Merking og afhending farandbikara.* Mótanefnd lætur merkja bikarana og afhendir þá.

*Viðræður við Gust.* Stjórn hefur heimild til sameiningar. Formenn félaganna ætla að hittast og ræða sameiningu og samstarf nefnda ofl. næsta vetur.

*Æskan og hesturinn, uppgjör.* Jón Finnur Hansson hjá Fáki hefur sent Pétri tölvupóst vegna uppgjörs.

*Reiðskóli Garðabæjar og Andvara.* Skólinn verður rekinn með svipuðu sniði og undanfarin ár. Pétur las upp bréf sem sent hefur verið til Íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar um unglingsstarfið og kostnað vegna þess.

*Reiðhallarmál.* Pétur hefur farið fram á niðurfellingu skuldar síðasta árs, það verður tekið fyrir á fundi stjórnar Kjóavalla Gera átak í höllinni varðandi umgengni, lakka bekki ofl. Stjórnin samþykkti að kaupa hluti sem eru til sölu í Kjóavöllum, Geirprúður og Guðjón Á. á móti kaupum. Stefnt er að því að Garðabær kaupi og reki reiðhöllina..

*Reiðkennslumál næsta vetur.* Æskulýðsnefnd kanni með tillögur að kennslu og reiðkennaramálum.

*Undirbúningur tilnefninga í nefndir næsta vetur.* Halda áfram að finna fólk í nefndir.

*Meistaramót í september nk.* Hefja undirbúning sem fyrst og tryggja starfsfólk ofl. Fá gefins folatolla og halda uppboð á þeim á skemmtikvöldinu.

*Önnur mál.* Ítreka við Símann að fjarlægja línur.

Samningur við Vífilfell, minna nefndir á að versla í gegnum samning Andvara vegna afsláttar.

#### **14. Stjórnarfundur Andvara.**

14. fundur stjórnar Andvara haldinn mánudaginn 27. júlí 2009 í félagsheimili Andvara kl. 17:30. Mætt voru: Pétur A. Maack, Geirprúður Geirsdóttir, Sigfús Gunnarsson og Gunnar Már Þórðarson.

*Innheimta félagsgjald og birting félagaskrár á vefsíðunni.* Hugmyndir eru um að birta félagaskrá á vefsíðu félagsins eftir að hún hefur verið yfirfarin, verið er að vinna í málinu.

*Fundur formanna Andvara og Gusts í júní sl.* Formenn félaganna fóru yfir stöðu félaganna um hugsanlegt samstarf og sameiningu í vetur. Ákveðið var að halda áfram vinnu að sameiningu.

## 15. Stjórnarfundur Andvara.

Fundur í stjórn Andvara haldinn miðvikudaginn 16. september 2009 í félagsheimili Andvara kl. 18:30.

*Meistaramót Andvara haldið 4.-6. sept.* Mótið tókst vel að flestu leyti. Hagnaður var af mótinu upp á ca. 750.000- kr.

*Formleg beiðni til Garðabæjar.* Pétur Maack afhenti bæjarstjóra Garðabæjar formlega beiðni um að Garðabær byggi við reiðhöll Andvara. Beiðnin var afhent 11. sept.

*Formleg beiðni til ÍTG.* Formleg beiðni til ÍTG um stuðning og listi yfir þarfir Andvara til að geta sinnt því að vara íþróttafélag, send formanni ÍTG 14. sept.

*Nefndakvöld.* Ákveðið að halda nefndakvöld föstudaginn 23. okt. Samþykkt að kanna áhuga hjá Gusti um sameiginlegt nefndakvöld.

*Undirbúningur aðalfundar sem halda á fyrir lok nóvember.* Formaður hvatti stjórnarmenn til að láta sig vita fljótlega hvort þeir gæfu áfram kost á sér í stjórn.

*Undirbúningur og uppsetning reikninga fyrir liðið starfsár.* Gjaldkeri vinnur að uppsetningu reikninga.

*Undirbúningur að fá fólk til stjórnar- og nefndastarfa næsta vetur.* Formaður hvatti stjórnarmenn til að vera duglega við að finna fólk í nefndir félagsins næsta vetur.

*Framkvæmdir við mannvirki og annað sem þarf að gera á félagssvæðinu fyrir næsta vetur.* Kanna möguleika á því að koma upp einum dómpalli sem nýtast myndi á báðum völlum. Ljúka þarf endurbótum á tamninga- og hringgerði, keyra grús í hringgerði og fleira.

*Fjáröflun vegna starfsemi félagsins næsta vetur.* Formaður kom með hugmynd að fjáröflun fyrir félagið sem var að fá 15-20 fyrirtæki til að styrkja félagið með 25-100.000 kr. greiðslu þrisvar sinnum yfir veturinn. Samþykkt að vinna frekar í því máli.

*Samstarf við Gust um nefndir, mótahald, æskulýðsmál of fleira næsta vetur.* Samþykkt að kanna frekari áhuga Gusts á samstarfi.

*Tillaga formanns um að gera einn félagsmann að heiðursfélaga á næsta aðalfundi.* Tillagan samþykkt.

*Önnur mál.*

*Reiðskólinn.* Málefni reiðskólans rædd og hugsanlegar breytingar sem þar eru á döfinni.

*Útleiga félagsheimilis næsta vetur.* Ræddir voru möguleikar á útleigu félagsheimilisins án niðurstöðu.

Næsti fundur mánudaginn 28. september kl. 18:30

**Fundur í stjórn Andvara haldinn mánudaginn 2. nóvember 2009** í félagsheimili Andvara kl. 19:30.  
Mættir voru: Pétur A. Maack, Guðjón Árnason, Guðjón Gunnarsson og Gunnar Már Þórðarson.

*Undirbúningur aðalfundar.* Ákveðið að boða fulltrúa Garðabæjar til að ræða skipulags- og úthlutunarmál, auglýsa fundinn í Morgunblaðinu og á heimasíðunni. Einnig að fá Þorvald Sigurðsson fyrrverandi formann til að vera fundarstjóra og Ingvar Sigfússon sem ritara. Ingibjörg Geirsdóttir sér um veitingar á fundinum. Fjallað var um hugsanlega útnefningu eins heiðursfélaga.

*Umsjón með gerð ársskýrslu og kalla eftir skýrslum nefnda.* Ingvar hefur umsjón með gerð ársskýrslu og sér um að láta prenta hana, eitthvað af skýrslum frá nefndum eiga eftir að skila sér, ýta þarf á eftir þeim.

*Undirbúningur í að fá fólk í stjórnar- og nefndastörf næsta vetur.* Stjórnin gefur öll kost á sér til áframhaldandi starfa. Enn vantar talsvert af fólki til að starfa í nefndum.

*Reiðhallarmál.* Framhald frá síðasta fundi. Finna lausn á útleigu og rekstri reiðhallarinnar í samræmi við þær tillögur sem fram komu á síðasta fundi.

*Velja knapa ársins og efnilegustu börnin.* Æskulýðsnefndin sér um þau mál.

*Aukastarfsstyrkur frá ÍTG.* Aukastyrkur kemur frá ÍTG upp á kr. 100.000- kemur til viðbótar fyrra framlagi frá þeim fyrir síðast liðið ár.

*Grunnuvatnaleið.* Vel gengur með reiðvegagerð um Grunnuvatnaleið. Pétur kom með myndir frá Halldóri í reiðveganefnd sem sýna framkvæmdir þar.

*Ritun sögu Garðabæjar.* Beiðni hefur borist frá Garðabæ um aðstoð við umfjöllun um Andvara í ritun sögu Garðabæjar.

*Bréf frá bæjarritara.* Bréf hefur borist frá bæjarritara um að beiðni um samstarf um viðbyggingu við reiðhöllina hafi verið sent til fjárlaganefndar.

*Heilbrigðiseftirlit vegna starfsleyfis.* Enn vantar nokkur atriði sem bæta þarf úr varðandi félagsheimilið svo að starfsleyfi sem gefið var út í haust gildi áfram. Það þarf að laga þau atriði fyrir lok nóvember.

*Formannafundur LH 6. nóvember n.k.* Pétur ætlar að mæta fyrir hönd Andvara á formannafund LH.

*Kerrustæði.* Stórum gámi hefur verið komið fyrir á kerrustæði Andvara. Ekki er vitað um eiganda gámsins en unnið er að því að láta fjarlægja hann.

*Önnur mál.*

*Pósthólf félagsins.* Borið hefur á því að póstur hefur ekki verið sóttur reglulega í pósthólf félagsins og áriðandi bréf ekki borist á réttum tíma. Bæta þarf úr þessu í samstarfi við gjaldkera sem sér um að tæma pósthólf.

*Heimasíða.* Bæta þarf uppfærslu á heimasíðunni nú þegar nýtt starfsár er að hefjast.

*Áhaldageymsla.* Huga þarf að því hvort ekki sé þörf áhaldageymslu fyrir félagið. Hugsanlegt er að dómpallur við gamla völlinn gæti nýst sem áhaldageymsla ef áform sem uppi eru um breytingar á dómpallinum verða að veruleika.

*Hringgerði.* Laga þarf hringgerði á Kjóavöllum þar sem vatn safnast í það eftir að sett var grús utan með gerðinu.

**Fundur í stjórn Andvara haldinn mánudaginn 16. nóvember 2009** í félagsheimili Andvara kl. 18:00. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Árnason, Guðjón Gunnarsson, Geirþrúður Geirsdóttir, Gunnar Már Þórðarson, Ingibjörg Geirsdóttir og Sigfús Gunnarsson.

*Aðalfundur Andvara.* Aðalfundurinn verður haldinn miðvikudaginn 18. nóv. Fundurinn var auglýstur á heimsíðu Andvara, með tölvupósti á öll pósthöf félagsmanna og í Fréttablaðinu 11. nóv. sl. Tillaga um Þorvald Sigurðsson sem fundarstjóra, Ingvar Sigfússon sem ritara. Um veitingar á fundinum sér Ingibjörg Geirsdóttir. Tillaga um að tilnefna heiðursfélaga rædd og samþykkt.

*Farið yfir ársreikninga félagsins.* Farið var yfir ársreikninga Andvara fyrir sl. starfsár og þeir samþykktir.

*Tillaga stjórnar um að tilnefna fulltrúa á LH þing.* Rætt var um að leggja fram tillögu fyrir aðalfund um að stjórnin tilnefni fulltrúa á þing LH og var samþykkt að gera það.

*Ritun sögu Garðabæjar.* Beiðni barst frá Garðabæ um aðstoð við umfjöllun um Andvara við ritun sögu Garðabæjar. Stjórnin tilnefnir í það Elísabetu Þ. Þórólfsdóttur, Svein Skúlason, Halldór Halldórsson, Odd Hafsteinsson og Pálínu Margréti Jónsdóttur.

*Formannafundur LH 6 nóv. sl.* Pétur Maack sat fundinn fyrir hönd Andvara.

**Fyrsti fundur í nýkjörinni stjórn Andvara haldinn mánudaginn 23. nóvember 2009** í félagsheimili Andvara kl. 19:00. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Árnason, Guðjón Gunnarsson, Gunnar Már Þórðarson, Ingibjörg Geirsdóttir og Sigfús Gunnarsson.

*Verkaskipting stjórnar.* Pétur stakk upp á óbreyttri verkaskiptingu stjórnar, þ.e. Guðjón Gunnarsson varaformaður, Geirþrúður Geirsdóttir gjaldkeri og Gunnar Már Þórðarson ritari, var það samþykkt.

*Íþróttamaður ársins, stigagjöf og útreikningar.* Farið var yfir stigagjöf og útreikninga fyrir val á íþróttamanni ársins. Rætt var um að hugsanlega væri kominn tími til endurskoðunar á þeim reglum

og stigagjöf sem farið er eftir. Ákveðið var að skipa nefnd sem færi yfir þau mál og stjórnarmenn kæmu með hugmyndir um aðila í þá nefnd á næsta stjórnarfund.

*Uppgjör fyrir Æskan og hesturinn sl. þrjú ár og reglugerð.* Peningaleg staða er um það bil 250.000- kr. inneign og um það bil 200.000- kr. útistandandi. Reglugerð um sýninguna Æskan og hesturinn fylgja með fundargerðinni.

*Umsókn um mótadaga og dómara.* Umsókn um mótadaga þurfa að berast LH fyrir 10. desember og fyrir dómara fyrir 15. desember. Þessum upplýsingum hefur verið komið til mótanefndar. Umsóknareyðublöð fylgja með fundargerð.

*Önnur mál.* Pétur og Guðjón G. eru að vinna að því að koma saman skemmtinefnd.

**Fundur í stjórn Andvara haldinn miðvikudaginn 30. des 2009** að Heimsenda 18, kl. 17:30. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Árnason, Guðjón Gunnarsson, Gunnar Már Þórðarson, Ingibjörg Geirsdóttir og Geirprúður Geirsdóttir og Sigfús Gunnarsson.

*Áramótabrenna við Heimsenda á gamlárskvöld.* Þegar byrjað var að hlaða brennu sl. mánudag var hestamönnum fyrst ljóst hvað til stæði. Formaður Andvara hafði strax samband við bæjaryfirvöld og fékk að vita að Bæjarráð Kópavogs, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðiseftirlitið og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefðu veitt leyfi fyrir áramótabrennu við efstu húsin á Heimsenda við reiðstíginn sem liggur að Elliðavatni og í aðeins 140 m fjarlægð frá hesthúsunum. Formaður hafði samband við leyfisveitendur og bað um að leyfið yrði afturkallað eða brennan færð, ekki var orðið við því skv. reglugerð er brennan ekki á hættusvæði né of nálægt byggð. Formaður sat fund í dag með bæjarstjóra, bæjarverkfræðingi og bæjarlögmanni Kópavogs og fulltrúa heilbrigðiseftirlitsins ásamt leyfishöfum til að reyna að fá brennuna flutta á annan stað, án árangurs. Héraðsdýralæknir Gunnar Örn Guðmundsson hefur þungar áhyggjur af brennu svo nálægt hesthúsunum svo og formaður LH Haraldur Þórarinsson.

Til greina kemur að óska eftir lögbanni hjá Sýslumanni á að kveikt verði í brennu þessari. Tillaga þar að lútandi var borin upp en felld.

**Fundur í stjórn Andvara haldinn mánudaginn 4. janúar 2010** í félagsheimili Andvara kl. 18:00. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Árnason, Guðjón Gunnarsson, Gunnar Már Þórðarson, Ingibjörg Geirsdóttir og Geirprúður Geirsdóttir.

*Áramótabrenna við Heimsenda á gamlárskvöld.* Yfirlýsing barst frá Héraðsdýralækni um kl. 11:30 á gamlárstag sem sýnir alvarleika rangrar ákvörðunar hjá bæjaryfirvöldum í Kópavogi að leyfa brennu svo nálægt hesthúsabyggðinni.

*Viðgerð og lagfæringar á félagsheimilinu og aðstoð Garðabæjar.* Garðabær lagði til hitakút og handlaug svo og tengingar því varðandi. Eftir er að laga reykskynjara, borðplötu og flísar svo búið sé að uppfylla þau skilyrði sem heilbrigðiseftirlitið setti fyrir veitingu leyfis fyrir rekstri félagsheimilisins.

*Veitingaleyfi.* Veitingaleyfi fyrir Andvara er væntanlegt á næstu dögum.

*Umsjón með útleigu á félagsheimilinu í vetur.* Ingibjörg Geirsdóttir og Geirprúður Geirsdóttir sjá um útleigu félagsheimilisins í vetur.

*Sala aðgangskyklu að reiðhöllinni.* Byrjað er að vinna í því máli en það heyrir ekki undir stjórn Andvara.

*Merkingar á félagssvæði Andvara.* Koma þarf upp þeim skiltum sem búið er að útbúa sem minna á að um reiðstíga sé að ræða en ekki göngustíga og að lausaganga hunda sé bönnuð. Einnig þarf að fá bæjaryfirvöld í Garðabæ og Kópavogi til að merkja reiðleiðir.

*Vetrardagskráin.* Allar nefndir eru búnar að skila af sér og búið er að stilla upp drögum að vetrardagskrá.

*Skipun í fræðslunefnd.* Búið var að skipa Þórdísi Gylfadóttur, Frímann Ólafsson og Brynju Viðarsdóttur í fræðslunefnd. Þórdís hefur dregið sig til baka úr nefndinni svo að finna þarf annan í hennar stað. Pétur Maack tók að sér að finna annan í nefndina.

*Önnur mál.*

*Raforkumál á Kjóavöllum.* Raflagnir á Kjóavöllum eru ófullnægjandi og liggja ofan jarðar. Spurning hvort gera eigi kröfu um að þær verði lagðar í jörðu.

*Tæming pósthólfs Andvara.* Guðjón Árnason tók að sér að sækja póst í pósthólf Andvara og koma honum til gjaldkera.

*Lóðaúthlutun fyrir Andvara.* Fá fund með Arinbirni skipulagsfulltrúa Garðabæjar til að fara yfir lóðaúthlutun fyrir Andvara.

**Fundur í stjórn Andvara haldinn mánudaginn 18. janúar 2010** í félagsheimili Andvara kl. 19:30. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Árnason, Guðjón Gunnarsson, Gunnar Már Þórðarson, Geirprúður Geirsdóttir, Sigfús Gunnarsson og Ingibjörg Geirsdóttir.

*Samningur við Garðabæ.* Undirritaður var samningur við Garðabæ þann 10 janúar sl. um stuðning við Andvara að upphæð 6.000.000- til ársloka 2010.

*Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2010.* Skila þarf framkvæmdaáætlun til Garðabæjar fyrir 1. mars nk. Stjórnarmenn þurfa að koma með hugmyndir að forgangsverkefnum.

*Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010.* Fjárhagsáætlun fyrir 2010 verður gerð í framhaldi af framkvæmdaáætlun.

*Veitingaleyfi fyrir Andvara.* Til að Andvari fái veitingaleyfi er allt tilbúið nema reykskynjarar.

*Vetrardagskráin.* Vetrardagskráin verður borin í hús á laugardaginn 23. janúar og hvetja fólk til að mæta á þorrablótið.

*Fræðslunefnd, framhald frá síðasta fundi.* Sigfús Gunnarsson tók að sér að vera í fræðslunefnd.

*Bikarmót hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu í vetur.* Þrígangsmót verður í reiðhöllinni milli hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu þann 12. febrúar nk. Vantar hugmyndir af búningum ofl.

*Önnur mál.*

*Þorrablót.* Þorrablót verður haldið laugardaginn 23. janúar nk. Geirprúður og Ingibjörg standa að því með skemmtinefnd.

**Fundur í stjórn Andvara haldinn mánudaginn 1. febrúar 2010** í félagsheimili Andvara kl. 19:30. Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Árnason, Guðjón Gunnarsson, Gunnar Már Þórðarson, Geirprúður Geirsdóttir, Ingibjörg Geirsdóttir og Sigfús A. Gunnarsson.

*Lausir hundar á félagssvæði Andvara.* Hundaeftirlitsmaður Garðabæjar kom á fundinn og lýsti sinni aðkomu að málinu einnig hvaða möguleika hann hefði til að koma í veg fyrir lausagöngu hunda á svæðinu. Áhugi hans og möguleikar á að takmarka lausagöngu hunda á svæðinu virtust frekar takmarkaðir. Talsverðar umræður urðu milli stjórnarmanna um lausagöngu hunda og mjög skiptar skoðanir um það mál.

*Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2010.* Pétur kom með nokkrar hugmyndir að framkvæmdum fyrir árið. Þær helstu voru viðgerðir og endurbætur á félagsheimilinu, viðhald á reiðgerði, viðhald hringgerðum, ný hringgerði, viðhald keppnisvalla, stækkun á kerrustæði og breytingar varðandi dómpall. Ákveðið var að leggja mesta áherslu á dómpall og hringgerði. Ingibjörg tók að sér að kanna verð á lausum hringgerðum. Guðjón Á. og Guðjón G. ætla að kanna með varanlegt hringgerði og dómpall fyrir næsta stjórnarfund. Pétur kynnti verðkönnun sem hann gerði á skiltum fyrir svæðið, reiðleiðir og fl. Ákveðið var að leita eftir verði á fleiri stöðum og kynna þetta svo fyrir bæjarstjórn Garðabæjar og kanna hvort þeir séu reiðubúnir að greiða skiltin.

*Fjárhagsáætlun.* Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 var ekki lögð fram.

*Fundur með stjórn Gusts.* Fundur með stjórn hestamannafélagsins Gusts verður haldinn 3. febrúar nk. kl.20:00 í félagsheimili Andvara að frumkvæði stjórnar Andvara til að fara yfir reiðvegamála og ástand reiðvega á Kjóavallasvæðinu.

*Önnur mál.*

*Þorrablót.* Þorrablót var haldið í félagsheimili Andvara 23. jan. og tókst það þökkalega þrátt fyrir að það væri ákveðið með stuttum fyrirvara, 30-40 manns komu.

*Bein útsending.* Skjávarpi var fenginn að láni og settur upp í félagheimilinu svo að hægt væri að horfa á beinar útsendingar frá handboltaleikjum Íslands á EM. Tókst það vel, skoða á hvort kaupa eigi slíkan búnað.

*Rekstrarleið.* Guðjón Á. kom með hugmynd, sem hefur verið í umræðu meðal nokkurra félagsmanna, hvort hægt væri að útbúa rekstrarleið til að reka sameiginlega hross sem verið er að þjálfa. Stjórn samþykkti að gera mætti tilraun með slíkt.

**Fundur í stjórn Andvara 22. febrúar 2010** í félagsheimili Andvara kl. 19:30 Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Guðjón Árnason, Geirprúður Geirsdóttir, Gunnar Már Þórðarson, Ingibjörg Geirsdóttir og Sigfús A. Gunnarsson,

*Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2010.*

1. Ljúka við æfingagerði, Gunnar Már ætlar að kaupa það efni sem vantar.
2. Dómpallur, ákveðið að kaupa gám og setja ofan á þann sem fyrir er sem myndi þjóna báðum völlum, setja allt að 1 milljón kr. í þetta.
3. Verð í opið og lokað hringgerði og staðsetning. Nokkrir möguleikar voru skoðaðir og kom best út að kaupa gagnvarið efni og fá sjálfboðaliða til að reisa það. Ákveðið var að reisa eitt gerði Kjóavallamegin og bíða með ákvörðun um gerði Heimsendamegin fram að næsta fundi.
4. Ofaníbúður utan við hringgerði á Heimsenda. Ákveðið að bíða með framkvæmdir þar.
5. Upplýsingaskilti. Búið að panta 2 skilti, tekin verður ákvörðun með festingar og staðsetningu þegar skiltin eru tilbúin.
6. Ákveðið að kaupa skjávarpa og það sem tilheyrir fyrir ca. 350.000- Ingibjörg sér um það.

*Fundur formanna hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu.* Þar sem upplýst var um stöðu mála varðandi Landsmót 2012 í Reykjavík. Allt bendir til þess að af því verði.

*Beiðni Björns Steinbergssonar dýralæknis um aðstöðu fyrir dýralækningar á Kjóavöllum.* Ákveðið var að taka jákvætt í það.

*Skipun í nefnd til að semja nýjar reglur um val á íþróttamanni Andvara.* Frestað til næsta fundar að taka ákvörðun hvort nefnd verður sett.

*Fundur með embættismönnum Kópavogs og Garðabæjar ásamt formönnum Andvara og Gusts n.k. miðvikudag.* Pétur mætir á fundinn.

*Önnur mál.*

*Hestablað vill fá félagaskrána til að bjóða áskrift. Ákveðið að afhenda skrána ef það er löglegt*

**Fundur í stjórn Andvara 8. mars 2010** í félagsheimili Andvara kl. 19:30 Mætt voru: Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Guðjón Árnason, Geirprúður Geirsdóttir, Gunnar Már Þórðarson, Ingibjörg Geirsdóttir.

*Fundur með embættismönnum Kópavogs og Garðabæjar ásamt formönnum Andvara og Gusts 24. febrúar sl. Aðalfundarefni var, hvaða upplýsingar formennirnir hefðu fengið hjá bæjaryfirvöldum, hvernig staðið yrði að flutningi Gusts á Kjóavelli. Bæjaryfirvöld í Kópavogi stefna að því að koma á samningi um byggingu minni reiðhallar á nýja svæði Gusts fyrir kosningar í vor en vellir Andvara yrðu notaðir fyrst um sinn. Formenn félaganna taka saman öll gögn sem til eru um sameiningu félaganna.*

*Snjómokstur reiðvega.* Bæjaryfirvöld í Garðabæ hafa ekki sinnt snjómokstri á reiðvegum í Andvara og varð Andvari að láta moka á sinn kostnað. Þarf að ræða það við bæjaryfirvöld.

*Sjoppa og dómpallur.* Samþykkt að kaupa gám fyrir dómpall.

*Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2010, framhald frá síðasta fundi.* Pétur kom með hugmynd um starfsamann í hlutastarf fyrir félagið sem væri á atvinnuleysisbótum og væru greidd laun að hluta til af Vinnumálastofnun. Starfslýsing hans yrði sett saman af stjórn, Pétur kom með nokkra punkta þar um, meðal annars að hjálpa til við innheimtu námskeiðsgjalda. Geirprúður tók það sem árás á sig og vék af fundi. Pétur vinnur frekar í starfsmannamálinu.

*Skjávargi í félagsheimili.* Búið að kaupa hann.

*Starfsfólk næsta sumar.* Pétur var boðaður á fund til Íþrótt- og tólmstundaráð Garðabæjar til að fá að vita hver þörf Andvara væri á sumarstarfsmönnum fyrir reiðskóla. Frestað til næsta fundar.

*Uppsetning nýrra upplýsingaskilta.* Setja þarf upp skilti það sem keyrt er inn í hverfið við Kjóavelli og annað þar sem reiðvegurinn kemur að veginum að Heimsenda.

*Skipun í nefnd til að semja reglur um val á íþróttamanni Andvara.* Frestað fram á haust.

*Önnur mál.*

*Reiðskólinn næsta sumar.* Senda Topphestum bréf og tilkynna um leigu 360.000- fyrir næsta tímabil.

*Karlatölt.* Stefnt að óbreyttu sniði á karlatölti.

*Tæming á rotþró.* Reikningur fyrir tæmingu á sameiginlegri rotþró fyrir félagsheimili Andvara og hesthús Mattíasar var greiddur af Mattaíasi á síðasta ári. Ákveðið að reikningur fyrir þetta verði greiddur af Andvara.

*Rásbásar.* Athuga með greiðslu á tjóni hjá VÍS. Pétur athugar með það.

**Fundur í stjórn Andvara mánudaginn 29. mars 2010.** Mætt voru Pétur A. Maack, Guðjón Árnason, Guðjón Gunnarsson, Gunnar Már, Geirprúður Geirsdóttir og Ingibjörg Geirsdóttir.

*Æskan og hesturinn.* Sýningin í Æskan og hesturinn tókst mjög vel og senda þakkir til þeirra sem stóðu að því.

*Reiðnámskeið fyrir fullorðna.* Guðjón Gunnarsson talar við Sigrúnu Sigurðardóttur. Pétur er búinn að tala við Þórdísi Önnu, hún vill vera með byrjendanámskeið og Pétur talar við Erling Ó.

*Framkvæmdir á félagssvæði Andvara fram til vors.* Koma upp hringgerði. Áætlun sem Pétur kom með á fyrri fundi verður lögð fram.

*Sjoppa og dómpallur.* Guðjón Árnason er fallinn frá þeirri hugmynd að smíða dómpall og sjoppu. Pétur fer af stað til að útvega gám.

*Sagt frá fundi LH.* Útskýringar hvers vegna Reykjavík var valin fyrir Landsmót 2012.

*Umhverfið.* Auka hreinsunardagur verður á miðvikudaginn kl. 17-18.

*Önnur mál*

*Reiðskólinn.* Hugmynd um að Brynja Viðarsdóttir taki við rekstri reiðskólans verður ekki að veruleika. Reiknað er með að reiðskólinn verði rekinn með sama sniði og undanfarin ár. Pétur ætlar að tilkynna rekstraraðilum reiðskólans um leiguverð fyrir aðstöðu sem Andvari leggur til, félagsheimilið og fleira.

**Stjórnarfundur 12. Apríl.** Mættir: Geirprúður, Ingibjörg, Pétur, Guðjón Á og Guðjón G

Dómpallur verður keyptur og verður afhentur í byrjun maí verð kr. 550.000.- án vsk

Búið að auglýsa námskeið fyrir Andvarafélaga og verður Sigrún Sig með það. Brynja og Frímann (fræðslunefndin) sjá um skráningar og uppgjör.

Ekki fæst leyfi til að stika reiðleið frá Grunnvötnum í átt að hesthúsum. Skv. Símtali sem formaður og bæjarstjóri áttu í dag.

Gert verður átak í að rukka félagsgjöld hjá þeim sem eftir eru að borga. Skila þarf félagaskránni til LH fyrir 15. apríl nk.

Vinumálastofnun samþykkti 1 starfsmann í átaksverefni fyrir Andvara í 5 mánuði. Pétur talar við þá og skoðar hvort einhver smiður er tilbúinn í tímabundin verkefni. Verður skoðað af stjórn síðar hvort af ráðningu verður.

Reiðskólinn verður með sama sniði í sumar, samþykkt að breyta áður tekinn ákvörðun um leiguverð og að það verði kr. 200.000.- fyrir sumarið.

Firmakeppni, stjórn og þeir aðilar sem voru á síðasta ári safni styrkjum og mótanefnd sér um framkvæmd mótsins. Kostendum veður boðið að hafa auglýsingu á heimasíðu Andvara í 60 daga fyrir framlagið, eins og gert var í fyrra.

Andvari borgar félagsmerki á jakka þeirra sem kaupa af æskulýðsnefndinni.

Formaður sér um að sækja póstinn famvegis.

Stjórnarmenn byrji nú þegar að finna fólk til að starfa í nefndum næsta vetur

Keyptir verðir 1-2 hlutar í reiðhöll á nafnvirði (Sveinn Skúlason og annar)

Umræða um að ráða starfsmann í hálfstarf hjá félaginu í hin ýmsu störf. Er í umræðunni enginn ákvörðun tekin.

**Fundur í stjórn Andvara 11. ágúst 2010.** Mætt voru Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Guðjón Árnason, Gunnar Már Þórðarson og Geirþrúður Geirsdóttir.

*Meistaramót Andvara september.* Undirbúningur er hafinn. Geirþrúður sér um veitingar og mat fyrir starfsfólk.

*Færsla á bókhaldi félagsins.* Jón og Geirþrúður munu hittast 12. ágúst og færa bókhald félagsins.

*Vinna við félagssvæðið í sumar.* Gluggar og hurðir félagsheimilisins málaðar og nýtt hringgerði smíðað.

*Stækkun kerrustæðis.* Hægt er að fá ofaníbúð hjá bænum til að stækka kerrustæðið.

*Sala á gamla dómpalli.* Verið er að athuga með sölu á gamla dómpallinum.

*Önnur mál.*

*Kennsla.* Fyrirspurn frá Þórdísi Önnu Gylfadóttur um hvort rétt væri að kenna bóklega hluta knapamerkja fyrir áramót. Stjórnin tók jákvætt í það.

Næsti fundur 15. sept.

**Fundur í stjórn Andvara mánudaginn 15. sept 2010.** Mætt voru Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Gunnar Már Þórðarson, Geirþrúður Geirsdóttir og Ingibjörg Geirsdóttir.

*Meistaramót Andvara.* Talsverður hagnaður var af meistaramótinu, endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir. Rætt var um hvað tókst vel og hvað mátti betur fara.

*Landsþing Landssambands hestamannafélaga 22.-23. okt.* Gisting fyrir þá sem fara á landsþingið er klár.

*Staða á færslu á bókhaldi félagsins.* Búið að færa fyrstu 8 mánuðina og staðan í lagi.

*Undirbúningur aðalfundar og tillaga um fundardag.* Ekki er komin endanleg dagsetning á aðalfund.

*Nefndarkvöld.* Tillaga um nefndarkvöld þann 29. okt. nk. Pétur sér um að athuga með verð á veitingum.

*Kostnaður við framkvæmdir á félagssvæðinu í sumar.* Ráðning starfsmanns framlengd til 6. okt., efniskostnaður um það bil 2.100.000- laun 1.100.000-

*Frágangur og festing dómpalls.* Starfsmaðurinn sér um að steypa plötu, hugsanlega verður botninn tekinn úr neðri gámi til að bæta vinnuástöðu.

*Stækkun kerrustæðis og ofaníbúður við reiðhöll.* Gömul grús úr gerðum hefur verið sett í kerrustæðið, þörf að fá vél til að jafna úr grúsinni.

*Sala á gamla dómpalli.* Hestamannafélagið Trausti hefur sýnt áhuga á að kaupa gamla dómpallinn, málið er í skoðun hjá þeim.

*Önnur mál.*

*Reiðkennaramál.* Pétur er búinn að tala við æskulýðsnefnd um að ræða við Þórdísi Önnu Gylfadóttur. Stjórn boðar til fundar með æskulýðsnefnd n.k. mánudag.

*Undirbúa fund með Gusturum* varðandi sameiningu.

*Reiðskóli.* Búið er að greiða 100.000- eftirstöðvar eru 160.000- gjaldkeri sér um að senda reiking.

Næsti fundur stjórnar 18. okt.

## Stjórnarfundur Andvara 18-10 2010

Mætt: Pétur, Geirprúður, Ingibjörg, Sigfús, Guðjón Árna og Guðjón Gunn sem ritar fundargerð

Greidd atkvæði um hvort greitt verði fyrir maka vegna landsþings. Var það samþykkt af meirihluta. Einhverjir fara í flugi og leitast við að fá sem hagkvæmast flugfar. Annars sameinast í bíla.

Á þessum fundi átti að liggja fyrir frumdrög að reikningum félagsins, en svo var ekki og skv. samtali formanns við Jón H. Skúlason vantar talsvert af fylgiskjöllum enn og gjaldkeri Andvara hefur ekki haft tíma til að koma til hans og ljúka málinu. Gjaldkeri segir að bara vanti uppgjör frá Æskulýðsnefndinni og uppgjör vegna skráningarinnar á Meistaramótið, sem fór í gegn um heimasíðu Gusts. ekki vanti neitt annað og verði klárað á fundi sem hún á með Jóni H. Skúlasyni nk. mánudag 25. Okt. Ekki rætt meira um þessi mál.

Tveir aðilar sem hlut eiga í reiðhöllinni óska eftir að félagið kaupi á nafnverði þeirra hlut. Var það samþykkt. Þetta eru Matthías G. Pétursson og Sigurður Guðmundsson.

Nefndarkvöldið verður með hefðbundnu sniði. Jonni sér um matinn, Pétur og Guðjón Gunn boða nefndarmenn. Ingibjörg kaupir drykki. Hefst matur klukkan 19.30 og eitthvað fram eftir kvödi. Hermann Ingi sér um tónlistina.

Þorsteinn smiður hættir 6. nóv. og er hann að klára það sem byrjað var á steypa undir dómþallana og setja þá á sinn stað.

Aðalfundur verður 18 nóv. Og verður auglýstur með viku fyrirvara.

Næsti stjórnarfundur ákveðinn þann 8 nóv. Nk.

Undirbúningur fyrir aðalfund. Guðjón Gunn og Pétur hætta í stjórn aðrir verða áfram nema það vantar svar frá Geirprúði og Gunnar var ekki á fundinum.

Gjaldkeri var ekki búinn að senda rukkun á Topphesta vegna eftirstöðva af leigu félagsheimilis. Gjaldkeri var beðinn um að ganga í það mál og klára það. Jón H. Skúlason er að skoða reiðhallarmál vegna vsk. Niðurstaða fæst fljótlega úr því. Ekki fleira rætt á þessum fundi.

Ákveðið að stjórnarmenn hittast fimmtudaginn 28 okt til að stilla upp í salnum fyrir nefndarkvöldið

Guðjón Gunnarsson

**Fundur í stjórn Andvara mánudaginn 8. nóvember 2010.** Mætt voru Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Guðjón Árnason, Gunnar Már Þórðarson, Geirprúður Geirsdóttir, Sigfús Gunnarsson og Ingibjörg Geirsdóttir, auk þeirra mætti uppstillingarnefnd Þorvaldur Sigurðsson og Matthías Pétursson.

*Uppstillingarnefnd mætir vegna stjórnarkjörs næsta árs.* Tillaga um Ingibjörgu Geirsdóttur sem formann. Gunnar Már styður ekki tillöguna og tekur sér umhugsunarfrest um áframhaldandi setu í stjórn félagsins. Geirprúður og Sigfús gefa kost á sér áfram, Guðjón Á. kosinn til tveggja ára. Tillaga til uppstillingarnefndar um Halldór Halldórsson, Hrafnhildi Pálsdóttur og Huldu Jóhannsdóttur inn í stjórn

*Val á íþróttamanni Andvara 2010.* Ákvörðun frestað til þriðjudags 9. nóv.

*Val efnilegustu barnanna.* Málefni æskulýðsnefndar.

*Skýrslur nefnda og ársskýrsla stjórnar.* Nokkrar skýrslur vantar frá nefndum.

*Val í nefndir.* Stjórnin mun tala við alla nefndarmenn um hvort þeir verði áfram í nefndum og finna nýtt fólk til starfa.

*Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar.* Aðalfundur verður haldinn 18. nóv. kl. 20:00

*Önnur mál.*

Tillaga um að fjölga námskeiðum fyrir fullorðna.

**Fundur í stjórn Andvara þriðjudaginn 9. nóvember 2010.** Mætt voru Pétur A. Maack, Guðjón Gunnarsson, Guðjón Árnason, Gunnar Már Þórðarson, Geirprúður Geirsdóttir, Sigfús Gunnarsson og Ingibjörg Geirsdóttir, að auki mætti Matthías Pétursson.

*Matthías Pétursson* fór yfir stöðu um málefni rásbásanna og upplýsti að VÍS greiðir 900.000-vegna tjóns á básunum og er því máli þar með lokið.

*Staðan á færslu bókhalds félagsins.* Fundarmenn fóru yfir ársreikning félagsins, undirskrift frestað.

*Val á íþróttamanni Andvara 2010.* Máli frestað og kalla á eftir upplýsingum frá þeim sem mest kepptu.

*Önnur mál.*